

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Blönduóss.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Blönduóss selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Blönduósi eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð um hitaveitu og hitalagnir á Blönduósi.

2. gr.

Hitaveita Blönduóss lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

	Kr.
a) Fastagjald á mánuði	567,00
fyrir hverja byrjaða 5 mín.lítra.	
b) Vatnsgjald	1 134,00
á mánuði fyrir hvern mín. lítra í hámarks stillingu hemils.	
c. Vatnsgjald um rennismæli	60,50
fyrir hvern rúmmetra vatns.	

5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranavatnslögn en er á miðstöðvarkerfi getur hann fengið sér skammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennlishlutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

A	1,00/1,0
B	0,95/1,3
C	0,90/1,7
D	0,85/2,8

Vatnsskammtur notanda (gjaldsskammtur) er í þessu tilviki reiknaður 1,0.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín mánaðarlega og skulu þau greiddast til þeirra innheimtustofnana, sem sveitarstjórn ákveður. Gjaldldagi er við útgáfu reiknings. Hafi reikningur eigi verið greiddur innan 20 daga frá útgáfu reiknings er heimilt að reikna dráttarvexti eins og þeir eru ákveðnir hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

III. KAFLI

7. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald
Allt að 300 m ³	71 758,00 kr.
300— 2 000 m ³	71 758,00 kr. fyrir 300 m ³ og 65,80 kr/m ³ þar yfir
2 000— 6 000 m ³	183 854,00 kr. fyrir 2 000 m ³ og 52,40 kr/m ³ þar yfir
6 000—10 000 m ³	393 310,00 kr. fyrir 6 000 m ³ og 42,70 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10 000 m ³	563 977,00 kr. fyrir 10 000 m ³ og 36,90 kr/m ³ þar yfir

Stofngjald fyrir hvern aðrenslismæli umfram einn á sama inntaki er kr. 7 758,00.

8. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 123,5 stig. Er hitaveitunni heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins, hverju sinni.

IV. KAFLI

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveita Blönduóss hefur rétt til að loka aðrenslí heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með minnst 5 daga fyrirvara. Lokunargjald er jafnvirði 1 mínútulíttra af heitu vatni, á þeim tíma sem lokunartilkynning er send út, nú kr. 1 134,00

Hitaveita Blönduóss hefur rétt til að krefja notanda um innheimtugjald, er nemi hálfu lokunargjaldi, vegna undirbúnings að lokun vegna vanskila. Gjald þetta gjaldfellur fari lokunarmaður á vettvang og afhendi þar skriflega tilkynningu um lokun án þess að til lokunar hafi komið.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Blönduóss skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. ágúst 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 9, 6. janúar 1988.

Iðnaðarráðuneytið, 26. júlí 1988.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Kópavogi

1. gr.

Gjald vegna undanþágu til hundahalds, skv. 3. gr. c-lið samþykktar um hundahald í lögsagnarumdæmi Kópavogs nr. 257/1988 skal vera kr. 400 fyrir hvern mánuð, eða brot úr mánuði, fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 1988.

Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir tímabilið og er gjalddagi 1. mars 1988.

Tryggingaiðgjald er innifalið í árgjaldinu, en kostnaður við árlega hreinsun hundanna greiða hundaeigendur sjálfir, enda skulu þeir sjá svo um að hundar séu hreinsaðir og skila inn vottorði til heilbrigðiseftirlits á tilsettum tíma.

2. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. júlí 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.